

# Staður í Grindavík

Fornleifaskráning  
Agnes Stefánsdóttir



8

# Staður í Grindavík

Fornleifaskráning

Agnes Stefánsdóttir



Ljósmynd á forsíðu: Horft yfir gamla bæjarstæðið og kirkjugarðinn á Stað. Ljósm. R.T.

© Þjóðminjasafn Íslands/Agnes Stefánsdóttir  
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Saga.....	6
Fornleifaskrá – Staður í Grindavík.....	7
Niðurstöður.....	17

Fylgiskjöl:

Túnakort af jörðinni Staður í Grindavík

Uppmæling af kirkjugarði og nánasta umhverfi



# Staður í Grindavík

## Fornleifaskráning

### Inngangur

Í bréfi til Þjóðminjasafns Íslands, dagsettu 30. nóvember 1998, var spurst fyrir um minjar í jörðu í og við gamla bæjarstæðið að Stað í Grindavík vegna fyrirhugaðrar stækkunar á kirkjugarði. Í svari Þjóðminjasafnsins, dagsettu 5. janúar 1999, kom fram að nauðsynlegt væri að gera deili-skráningu fornleifa á staðnum áður en lengra væri haldið. Með bréfi, dagsettu 13. apríl 1999, samþykkti sóknarnefnd Grindavíkursóknar að taka tilboði fornleifadeildar Þjóðminjasafnsins um ofangreinda deiliskráningu.

Ákveðið var að skráningin skiptist í þrjá verkþætti: a) heimildavinnu og undirbúning, b) vettvangskönnun, c) úrvinnslu og skýrsluskrif. Þótt deiliskipulagið nái aðeins yfir lítinn hluta jarðarinnar var ákveðið að safna upplýsingum um minjar á jörðinni allri; það er hvort tveggja í senn, nauðsynleg forsenda þess að staðsetja minjar í skipulagsreitnum og grunnur að frekara skráningarstarfi í landi Grindavíkur. Þær heimildir sem aðallega var stuðst við voru örnefnaskrá fyrir jörðina Stað í Grindavík sem Kristján Eiríksson skráði, *Saga Grindavíkur* eftir Jón Þ. Þór, *Mannfólk mikilla sæva* eftir Gísli Brynjólfsson og túnakort, auk þess sem fornbréfasafn og jarðabækur voru athuguð.

Ákveðið var að á þessu stigi yrðu aðeins þær minjar sem verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum nánar kannaðar á vettvangi. Minjarnar voru síðan skráðar í nýtt skráningarkerfi Þjóðminjasafnsins, Sarp. Fornleifarnar fá þrjú númer, í fyrsta lagi landnúmer sem fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, í þessu tilviki 182396. Næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, sem er 28. Þriðja talan er svo hlaupandi númer innan jarðarinnar.

Í þjóðminjalögum<sup>1</sup> er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

### 16. grein

- [...] Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;

<sup>1</sup> nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994

- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

[...]

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 17. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar fyrir eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós ber að tilkynna það þjóðminjayfirvöldum; komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum þar til ákvörðun þjóðminjayfirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram (20. gr.).

Æskilegast er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en sé það alls ekki mögulegt ber að tilkynna þjóðminjasafni Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara, og hefur safnið vald til að krefjast þess að þeim sé frestað þar til fornleifarannsókn á staðnum er lokið. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum, reynist þær nauðsynlegar vegna framkvæmdanna (21. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna gegn því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning gagnast minjavörslunni þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, auk rannsókna og kynningar, en það er ekki síður hagur þeirra sem stýra framkvæmdum hvers konar að hafa tiltækt yfirlit um fornleifar á svæðinu. Ef höfð er hliðsjón af fornleifaskráningu við skipulagsvinnu minnka líkurnar á því að komi óvænt í ljós fornleifar sem nauðsynlegt er að rannsaka; auk kostnaðar við rannsóknir geta tafir á framkvæmdum reynst ærið kostnaðarsamar. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning

sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Þegar fornleifaskrá er höfð til hliðsjónar við skipulagsvinnu skapast jafnframt tækifæri fyrir þá sem vinna við skipulag byggðar að taka tillit til menningarminja sem fyrir eru. Þar sem tóftir eru skýrar og vel varðveittar er sjálfsagt að nýta þær í skipulaginu og hafa þær sýnilegar, þannig að saga staðarins sé ekki máð burt úr landslaginu, heldur varðveitt. Ef vel er frá rústum gengið er óhætt að fullyrða að vernd þeirra, t.d. á grænum svæðum, innan byggðarinnar geti verið íbúum þar til ánægju og fróðleiks, auk þess sem minjar í landslagi væru tilvaldir áfangastaðir í vettvangsferðum skólabarna.

### Saga

„Vitneskja okkar um upphaf byggðar í Grindavík takmarkast við frásögn Landnámu af Molda-Gnúpi og sonum hans, og ekkert er vitað með neinni vissu um byggðina og sögu hennar næstu þrjár aldirnar eftir landnám. Engu að síður verður að teljast líklegt, að flestar jarðir í sveitinni hafi byggst þegar á 10. og 11. öld (...)“<sup>2</sup>

Elsta örugga heimild sem nefnir Stað í Grindavík er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar sem lét á biskupsárum sínum (1195-1211) gera skrá um allar prestskyldar kirkjur í biskupsdæmi sínu. Þar segir að prestskyld kirka sé að Stað. Frá 13. og 14. öld eru fáar heimildir til um Stað í Grindavík. Staðarins er getið í rekaskrá og fleiri skjölum um ítök Skálholtsstóls og Viðeyjarklausturs í Grindavík. Undir lok 13. aldar hafði kirkjan eignast hálfa jörðina.<sup>3</sup>

Elsta heimild sem varðveist hefur um húsakost á Stað, er „Reikningur kirkjunnar og Staðarins í Grindavík“, sem gerður var eftir andlát síra Gísla Bjarnasonar árið 1657.<sup>4</sup>

<sup>2</sup> Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994: 77-8.

<sup>3</sup> Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994: 94.

<sup>4</sup> Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994: 101.

<sup>5</sup> Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands





Hluti af Herfingjaráðskort 28 Krýsuvík N.V. frá 1910, sem sýnir staðsetningu Staðar í Grindavík.

## Fornleifaskrá – Staður í Grindavík

### Landnúmer: 182396

Árið 1964 fór Staður með öllu í eyði og þar með Staðarhverfið.<sup>5</sup>

**182396-28-1**

**Hlutverk:** Bústaður

**Heiti:** Staður

**Tegund:** Heimild

Elsta heimild sem varðveist hefur um húsakost á Stað, er „Reikningur kirkjunnar og Staðarins í Grindavík“, sem gerður var eftir andlát síra Gísla Bjarnasonar árið 1657. Þar var bæjarhúsum lýst allnákvæmlega þó að innbyrðis afstaða þeirra sé ekki skýr. (jþþ,101-3)

Torfbær var á staðnum fram til 1938 er Jón Helgason ábúandi á Stað byggði steinhús ásamt stórrí viðbyggingu. (gb,50)

Grunnur og tröppur steinhússins sjást enn (1999) rétt norðan við núverandi kirkjugarð. Skv. munnlegri heimild (Ólafur Gamalielsson, uppallinn á Stað) stóð síðasti torfbærinn við NV horn núverandi kirkjugarðs. Tóftirnar eftir torfbæinn voru sléttaðar út fyrir nokkrum árum en traðirnar eru enn greinilegar norðan við kirkjugarðinn.

„Bærinn á Stað stóð eina 4-500 metra upp (norðvestur) frá sjó og var túnið að mestu sjávarmegin við hann... - Árið 1964 fór Staður með öllu í eyði og þar með Staðarhverfið.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landámi til 1800. 1994.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-2**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

„Lægðin neðan við Bring nefnist Dægradvöl. Þótti góð dægradvöl að slá hana. Í suðurjaðri Dægradvalar lét séra Brynjólfur Magnússon grafa mikinn brunn árið 1914.“ (Örn.)

Skip fylgdu prestsetrinu Stað frá fornu fari og fram á daga sr. Brynjólfs Magnússonar. En með stjórnarbréfi 10. sept. 1914 var presti leyft að verja 300 krónum af andvirði skipanna til að grafa brunn á staðnum og er honum ýtarlega lýst í úttektinni 1928. Þar með er skipastóll Staðar úr sögunni...(GB,42)

„Í úttekt á Stað 16. júlí 1928 er 7. liður í upptalningu á mannvirkjum þannig: Brunnur byggður og tilbúinn ár 1914 að dýpt 23 fet, að þvermáli 6 fet, mjókkandi niður, hringhlaðinn að innan og hleðslan sementeruð ofan frá og niður að klöpp, er tekur við fyrir neðan miðju. Steinsteypur kragi er í kringum brunninn ofan jarðar og yfir sjálfu



brunnopinun þak úr plönkum með hlera. Öflug vinda er til upphölnunar á vatninu. Brunnurinn með öllum útbúnaði er í óaðfínanlegu lagi. - (Álag því ekkert).“ (GB,82)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-3**

**Hlutverk:** Brunnur

**Heiti:** Kvíadalsbrunnur

**Tegund:** Heimild

„Brunnur var beint vestur af Kvíadal. Hann er nú alveg horfinn í sjávarkampinn. Þessi brunnur mun hafa verið notaður í Staðarhverfinu áður en brunnurinn í Dægradvöl var gerður.“ (Örn.)

„Vatn handa fénaði var hvergi að fá í Staðarlandi nema út undir Staðarbergi í gjá, sem fellur að og út í með hverju sjávarfalli. Neyzluvatn var tekið úr brunni syðst í túninu en það var slæmur sjöblendingur.“ (GB,39)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-4**

**Hlutverk:** Bryggja

**Tegund:** Heimild

Fram af svonefndum Hvilftum er bryggjustúfur, byggður 1933, meðan útgerðin var hér í fullu fjöri. (GB,25)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-5**

**Hlutverk:** Bústaður

**Heiti:** Hrafnkelsstaðaberg

**Tegund:** Örnefni

Vestan við Háleyjarbungu er smálægð. Framan við hana er Krossvíkin en utar tekur við Krossvíkurberg, sem einnig er nefnt Hrafnkelsstaðaberg. Þykir það nafn benda til þess að þarna hafi verið bær meðan Staður var í „miðri sveit“. (GB,30; Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-6**

**Hlutverk:** Fiskhús

**Tegund:** Heimild

Hvirflahóll er á Hvirflunum, vestur frá gamla bæjarstæðinu í Merki, en tóftir bæjarhúsanna sjást vel og einnig grunnar fiskhúsanna með kerunum þar sem fiskurinn var þækilsaltaður meðan sú verkunaraðferð var í tízku.

**Heimildir:**

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-7**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Beinrófa/Beinróa

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjáleigur eru: ... Beinrófa... Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok“ (GB,40)

Þeirrar hjáleigu er hvergi getið í eldri heimildum svo vitað sé nema hjá Árna Magnússyni. (GB,57) og ekki er vitað hvar hún á að hafa staðið.

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-8**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Blómsturvellir

**Tegund:** Heimild

Skammt austur af kirkjugarðinum var bakki, allstór, nefndur Blómsturvellur. Hann var fast austan við túnið. Húsatóftir voru austast á Blómsturvelli. Hafa þær líklega verið af samnefndu býli - en þess getur Geir Bachmann svo í Lýsingu Grindavíkursóknar 1840-41: „Blómsturvellir, austan til í túninu, af sandi eyðilagðir síðan 1800, og sést þar nú lítt til rústanna.“ (Landnám Ingólfs III, bls. 134).

Blómsturvellir eru taldir í byggð í úttektagerð árið 1774 (GB,57)

„Nú hefur verið sléttað úr Blómsturvelli og er þar nú bílastæði við kirkjugarðinn og tóftirnar alveg horfnar. Þá nær nýi kirkjugarðurinn aðeins út á Blómsturvell.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Landnám Ingólfs III.  
Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík.  
Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-9**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Hús Daða Símonssonar

**Tegund:** Heimild

„... þetta vor [1657] voru sjö hjáleigur byggðar í landi Staðar... tvær voru kenndar við ábúendur sína, ... og Hús Daða Símonssonar... Enginn veit nú, hvar ... bæir þeirra Ólafs og Daða stóðu, en hugsanlegt er, að ... þeir... hafi verið hjáleigurnar, sem síðar voru nefndar Blómsturvellir og Stóragerði.“ (JÞÞ,104)

**Heimildir:**

Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994.

**182396-28-10**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Hús Ólafs Sighvatssonar

**Tegund:** Heimild

„... þetta vor [1657] voru sjö hjáleigur byggðar í landi Staðar... tvær voru kenndar við ábúendur sína, Hús Ólafs Sighvatssonar...Einna myndarlegastur virðist bær Ólafs Sighvatssonar hafa verið ... Enginn veit nú, hvar ... bæir þeirra Ólafs og Daða stóðu, en hugsanlegt er, að ... þeir... hafi verið hjáleigurnar, sem síðar voru nefndar Blómsturvellir og Stóragerði.“ (JÞÞ,104)

**Heimildir:**

Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994.

**182396-28-11**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Krókur

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjáleigur eru: ... Krókur... Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok“ (GB,40)

Krókur stóð vestur við Móakot. Hann var í byggð 1703 en sr. Geir Bachmann segir í sóknarlýsingu sinni frá 1840, að um hann sjáist lítil merki, en að hann hafi staðið „í túninu sem nú er ræktað milli Móakots og Staðar“. (Örn.;GB,57)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík.  
Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-12**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Krubba/Krukka/Brykrukka

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjáleigur eru: ... Krukka ... Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok.“ (GB,40)

„Krubbhóll er fast sunnan við Dægradvöl. Sagt er, að á honum hafi fyrir löngu staðið hjáleigan Krubba og dragi hann nafn sitt af heinni. Er þar líklega um að ræða sömu hjáleiguna og séra Geir Bachmann nefnir Krukku í sóknarlýsingu sinni: Krukka veit ég ei, hvenær var í lögð í eyði, en þar er nú lambhús.“ (Örn.)

Enn heitir Krukkuhóll rétt neðan við brunninn í Staðartúni. (GB, 57)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík.  
Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-13**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Kvíadalur

**Tegund:** Heimild

Sr. Geir Bachmann telur í sóknarlýsingu sinni frá 1840 upp hjáleigur staðarins: „c. Kvíadalur, kvígilda- og húslaust, tómthús. Landskuld 1 vætt.“ (GB,40)

Kvíadalur hefur verið lagður undir staðinn þegar úttekt var gerð 1928. Skammt suður af Hundadal er Brunndalur, slétt flöt neðst í túni. Liggur hann frá austri til vesturs næst sjávarkambinum. Hjáleigan Kvíadalur var suðaustast í Brunndal, niður við kamp. Sjást rústir hans vel ennþá er örnefnaskrá fyrir Stað er gerð 1977. (GB,34,40,50; Örn.)

„Neðst í Staðartúni, rétt ofan við kampinn, þar sem hafrótið hefur hlaðið sínum mörgu sæbörðu hnúllungum í myndarlega hrönn, þarna austarlega fyrir miðri Staðarbótinni - þar standa enn lágar grasi grónar tóftir hjáleigunnar Kvíadals ... Í manntali 1822 er Kvíadals ekki getið, svo að þá mun þar ekki hafa verið byggð. En fólk hefur verið þar löngu fyrr, því að í þessu sama manntali eru tveir menn fæddir í Kvíadal annar 1767 hinn 1786. Í manntali 1829 eru talin þar til húsa Hálfán Jónsson 32 ára og Gróa Gísladóttir kona hans ári yngri. [Engin byggð í Kvíadal 1833-1845. Síðustu ábúendur voru Eyjólfur

Oddsson og Vilborg Ólafsdóttir] ... Skammt varð á milli gömlu hjónanna í Kvíadal. Vilborg dó 30. maí 1918 en Eyjólfur ári síðar 22. maí 1919. Síðan hefur Kvíadalur legið undir Stað en gróin tóftarbrotin niðri við sjávarkambinn minna okkur enn í dag á hið hógværa mannlíf í smábýlinu í túnfætinum á prestssetrinu.“ (GB, 66-67)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-14**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Litlagerði

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjálegur eru: ... Litlagerði ... Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok.“ (GB,40)

„Litlagerði var u.þ.b. 70-100 m í vestur frá Staðargerði, þar í túnjaðrinum.“ (Örn.)

„Frammi á Gerðistöngum vestanverðum spölkorn vestan við rústirnar af Stóragerði sér enn móta fyrir undirstöðum húsanna í Litlagerði innan um sæbarða hnúllunga, sem brimið hefur skilið þar eftir í síðasta flóði. Ótrúlega nærri sjónum hefur bærinn staðið. Rétt framan við bæjarþilin hefur brimhvítt löðrið úðazt yfir svartar fjörukappirnar. Áður fyrr var Litlagerði þó í enn nánara sambýli við hafið, því að svo segir sr. Geir Bachmann í sóknarlýsingu sinni 1840: „Þar sem Litlagerðishúsin stóðu er nú hár og stórgrýttur malarkambur“. Það virðist vera upphaf byggðar í Litlagerði innan þess tímaramma, sem hér er miðað við, að þangað kemur vorið 1851 Halldór nokkur Bjarnason austan af Skeiðum. (GB,72)

Lagðist í eyði 1914. (GB,73)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-15**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Melstaður

**Tegund:** Heimild

„Melstaður nefnist nýbýli frá Stað. Húsið er um 5-600 m norðaustur frá Stað, sunnan undir svonefndun Hvirflum. Húsið var byggt 1936, en

skemmdist mjög í eldi árið 1950 og lagðist þá af föst búseta á Melstað.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-16**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Móakot

**Tegund:** Heimild

Sr. Geir Bachmann telur í sóknarlýsingu sinni frá 1840 upp hjáleigur staðarins: „a. Móakot, kvígilda og húsalaust, þó fylgir grasnyt. Landskuld 2 vættir.“ (GB,40)

„Móakot var u.þ.b. 150-200 m austan við Stað. Garður var milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnin sameinuð.“ (Örn.)

„Móakot var í byggð fram á öld steinsteypunnar og ber þess augljós merki enn í dag, þar sem stæðilegt hús ber sig vel og reisulega, þótt það hafi staðið að mestu autt og yfirgefið í þrjá áratugi. Það stendur hátt á barðinu vestast í Staðartúni... Bærinn stendur uppi fyrir miðri Staðarbótinni, víkinni, sem liggur opin til hafs milli Staðarmalar og Gerðistanga...“ (GB,57-58)

Elsta byggð sem minnst er á í bók Gísla er frá 1822, byggð lauk 1945.

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-17**

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Nýibær

**Tegund:** Heimild

„Nýibær var utan við Bringinn, nálægt 100 m norður af Bergskoti.“ (Örn.)

Búseta í Nýjabæ hófst vorið 1889 og lýkur 1910 er heimilisfólkið flutti til Reykjavíkur. Nú sjást engin merki um þennan bæ, en hann mun hafa staðið rétt norðan við Staðartúnið þar sem þjóðvegurinn liggur nú út á Reykjanes. (GB,76-77)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-18

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Sjávarhús

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjálegur eru: ...Sjávarhús. Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok.“ (GB,40)

Hjáleigan Sjávarhús stóð líklega á Staðarklöpp austur hjá Staðarvör. Skv. lýsingu sr. Geirs Bachmann hvarf hún í Básendaflóðinu 1799. (GB,25,26; Örn.)

Þau stóðu austur hjá Staðarvör en eyðilögðust í Básendaflóðinu 1799. (GB,56).

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-19

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Stóragerði/Staðargerði

**Tegund:** Heimild

„Staðargerði eða Stóragerði stóð niður á svonefndum Gerðistöngum , u.þ.b. 250 m suður frá Löndum. Venjulega var það bara nefnt Gerði.“ (Örn.)

Sr. Geir Bachmann telur í sóknarlýsingu sinni frá 1840 upp hjáleigur staðarins: „b. Stóragerði, kvígildislaust, baðstofa og eldhús, samt grasnyt fylgir. Landskuld 2 vættir.“ (GB,40)

„Nesið milli Staðarbótar og Arfadalsvíkur heitir Gerðistangar... Nes þetta dregur nafn af bænum sem á því stóð og var kallað Stóra-Gerði. Trúlegt er að upphaflega hafi bærinn heitið Staðargerði, enda kemur það nafn oft fyrir í manntalsbókum og víðar. Fyrst hefur verið girt þarna hólft utan við Staðartúnið, notað fyrir nátthaga eða því um líkt. Síðan er byggður þar bær - Staðargerði. - Löngu síðar annar bær - Litla-Gerði. Þá fær fyrri býlið nafnið Stóra-Gerði. Enn sjást bæjarrústir Stóragerðis vel og bera glöggan vott um hýbýli þar og húsaskipan enda er ekki nema um hálf öld síðan það fór í eyði ... Heim að þessum fornu, grænu rústum liggja fagurlega hlaðnar traðir í mjúkum boga. Fram af bænum hefur verið traustlega hlaðinn kálgarður. Á bæjartóftunum sést að þetta hefur verið reisulegur bær og rúmgóður. Steinlímdir kambar baðstofunnar standa að nokkru leyti enn ... Árið 1786 bjó í Stóragerði Þorgeir nokkur Halldórsson,

ekkjumaður með 5 menn í heimili. Þá var vel búið í Stóragerði, því að Þorgeir var hæsti framteljandi í Staðarhverfi - 4 hundruð.“ (GB,68-9)

Stóragerði er í „löglegri byggingu“ þegar úttekt var gerð 1928. (GB,50)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-20

**Hlutverk:** Hjáleiga

**Heiti:** Vestur-Hjáleiga

**Tegund:** Heimild

Vestur-Hjáleiga virðist hafa staðið í hlaðvarpanum á Beinróu samkvæmt elstu heimild sem varðveist hefur um húsakost á Stað: „Reikningur kirkjunnar og Staðarins í Grindavík“ frá 1657. (JÞP,101,104)

**Heimild:**

Jón Þ. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994.

182396-28-21

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Heimild

Eftir að hjáleigunni Sjávarhúsum skolaði burt 1799 var byggður fiskihjallur á Staðarklöpp. Um 1916 mátti sjá tættur efst á klöppinni en þeim skolaði síðar burt í flóðum. (GB,56; Örn.)

Samkvæmt Gísla Brynjólfssyni stóð sjóhús á Staðarklöpp fram til 1930. (GB,26)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 yfir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-22

**Hlutverk:** Hlaða

**Tegund:** Heimild

„...þegar sr. Oddur tók við Stað 1879 var búðin með 6 rúmum í góðu standi, en er hann fór þaðan 15 árum síðar er sjóbúðin niðurlögð og heyhlaða komin í staðinn.“ (GB,43)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.



182396-28-23

**Hlutverk:** Höfn

**Heiti:** Háleyjar

**Tegund:** Heimild

„Dýpst er rétt innan við [Háleyja-]hleininna, og ef farið er nógu nærri henni eru þarna góð lendingarskilyrði í sæmilega kyrrum sjó. Talið er að á Háleyjum hafi fyrrum verið útræði. Til þess benda m.a. kofarústir framarlega á Háleyjabungu.“ (GB,30)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

182396-28-24

**Hlutverk:** Kirkja

**Heiti:** Staðarkirkja

**Tegund:** Heimild

„Á Stað í Grindavík mun kirkja hafa verið reist í öndverðri kristni en fyrst er hennar getið í kirknatali Páls biskups frá um 1200. Og á Stað stóð hún að öllum líkindum á sama grunni, í meira en 700 ár a.m.k... Allt fram til ársins 1836 var torfkirkja á Stað. Þá var reist timburkirkja... Trúlega hefur Staðarkirkja ætíð staðið á þeim stað, sem síðasta kirkjan stóð - inni í kirkjugarðinum, þar sem klukkuturninn er nú. Sáluhliðið var þá á vesturhlið garðsins, fram undan kirkjudyrum. Í því var klukknaport. Aðrar dyr voru á kórgafli til afnota fyrir prestinn vegna þess hve þröngt var orðið í framkirkjunni þegar guðsþjónustan hófst. Kirkjan var, ásamt Guði og mörgum dýrlingum helguð Blasíusi biskupi... Staðarkirkja var allvel efnuð, átti heimaland allt, rekasælar fjörur (ásamt með Skálholtskirkju), 4 hundr. í fríðu, 7 hundr. í skipum. Auk þess hafði Staðarprestur tekjur af tveim jörðum með kúgildum austur í Árnassýslu, Stóru-Borg í Grímsnesi (30 hundruð að fornu mati) og Hvoli í Ölfusi (20 hundr.).“ (GB,136-7)

„Sumarið 1858 var reist ný kirkja fyrir forgöngu sr. Þorvalds Böðvarssonar, sem þá hélt Stað. Var hún af sömu gerð og hin fyrri kirkja en nokkuð stærri eða um 50 m<sup>2</sup>. Er fram tekið í kirkjulýsingunni, að hún sé byggð á traustum grunni og rammyggileg... Kirkja sr. Þorvalds var sú síðasta á Stað.“ (GB,142)

„Kirkjan stóð vestarlega í garðinum. - Þann 26. september 1909 var ný kirkja vígð að Járngerðarstöðum og tók sú við af Staðarkirkju, sem þá var aflögð.“ (Örn.)

„Ekki er vitað, hve margar kirkjur hafa verið á

Stað í aldanna rás, en af vísitásiugerð frá árinu 1642 má sjá, að þá hafði síra Gísli Bjarnason nýlega látið reisa þar kirkju. Hún er elsta Staðarkirkjan, sem við vitum eitthvað um að gagni, og var lýst svo í vísitásiugerðinni: „Kirkjan í sjálfri sér með kórnum sterk og ný að sínum viðum, súðpak og nýtt öðrumegin. Kirkja og kór í 8 stafgólfum og kapella inn af kórnum. Að auki hálfþil undir bita milli kórs og kirkju og þil bak altaris, sem víðast umhverfis kirkjuna og framanfyrir. Tveir stólar kvennamegin, einn langbekkur kallmannamegin. 3 glergluggar vænir. Hurð á járnum með koparhring, innlæst. Hefur síra Gísli látið gjöra kirkjuna og lagt til marga við.“ (JPP, 108)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Jón P. Þór: Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. 1994.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-25

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Heiti:** Staðarkirkjugarður

**Tegund:** Heimild

„Kirkjugarðurinn er í túninu fast suðaustan við bæinn og ekki nema 2-3 m á milli skemmunnar og hans“ (Örn.)

**Heimildir:**

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-26

**Hlutverk:** Klukknatur/Sáluhlið

**Tegund:** Heimild

Sáluhliðið hefur verið á vesturhlið garðsins fram undan kirkjudyrum. (GB,137)

„Enda þótt klukknaportið á Stað í Grindavík sé nú löngu horfið, eigum við af því nákvæma lýsingu ... Í sáluhliði, sem er 6 ál. vítt með kræktri rimlahurð á járnum er KLUKKNAPORTIÐ 2 1/6 al. á vídd og eins á breidd á 4 stólpum 4ra álna háum greypuðum á undirstokka að neðan og syllum hið efra og að neðanverðu eru greypaðir í fjóra stólpa út við vegg kirkjugarðsins, hverjir stólpar að eru styrktir með skástífum á jörð fyrir utan og innan sáluhliðið ... Sjálf er klukknaportið með einfaldri súð á alla fjóra vegu uppmjókkandi, og í toppi vindhani á stöng. Undir súðinni er allt um kring rimlar negldir á slár, sem saman binda

ennþá betur umgetna 4 stólpa klukknaportsins. Uppi í því hanga á ramboltum tvær góðar klukkur sem hringt er með útleggjurum ...“ (GB,55)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-27**

**Hlutverk:** Lambhús

**Tegund:** Heimild

„Hún (Krukka) á að hafa staðið vestur við Móakot, þar sem nú sé lambhús.“ (GB,57)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-28**

**Hlutverk:** Landamerki

**Heiti:** Hvirflavörður

**Tegund:** Heimild

Hvirflavörður eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli Húsatófta og Staðar með stefnu um Skothól í Hauga við Haugsvörðugjá. (GB,21)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-29**

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

„Fiskhús, frá Stað, Móakoti og Löndum voru hér áður beint upp af Staðarvör.“ (Örn.)

„Upp af Staðarvörinni var aðalathafnapláss útgerðarinnar í Staðarhverfinu allt þar til bryggjan var byggð á Hvirflunum. En lítil merki sjást nú þeirra mannvirkja, sem þarna hafa verið í sambandi við höfuð-lífsbjargaröflun Staðhverfinga um aldaraðir.“ (GB,26)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-30**

**Hlutverk:** Sel

**Heiti:** Selsvellir

**Tegund:** Heimild

„Það einasta ítak sem ég veit jörðinni í Stað í Grindavík eignað er selstaða á Selsvöllum, sjá

jarðabók 1760. Þetta jarðarinnar ítak er ei undan henni gengið til jarðarinnar Húsatófta hér í sveit heldur af mér brúkað.“ (GB,40)

Sjá nánar GB bls. 43.

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-31**

**Hlutverk:** Sjómerki

**Heiti:** Fiskivörður

**Tegund:** Heimild

Aðeins austan við hæsta hluta Staðarbergsins standa upp úr því tvær klettanípur, sem heita Fiskivörður eystri og vestri. Þær notuðu sjómenn fyrir mið. (GB,29)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-32**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

„Í framhaldi vestur af Flæðikróknum er nokkurt graslendi ofan við Malirnar. Þar eru Stekkjarklappir og Stekkjarhólar. Benda nöfnin til þess að þar hafi stekkur Staðarprests verið fyrir eina tíð þótt nú sjái þess engin merki.“ (GB, 28)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-33**

**Hlutverk:** Sögn

**Heiti:** Ræningjasker

**Tegund:** Heimild

„Fyrir utan Alnboga er svonefnt Ræningjasker. Það dregur nafn sitt af Tyrkjanum. Þegar hann kom til Grindavíkur 1627 og rændi á Járngerðarstöðum, ætlaði hann líka að heimsækja Staðarhverfið og ganga á land við sker þetta...“ (GB,28)

„Fram af Staðarmölum er Ræningjasker, alltaf upp úr sjó. Þegar Tyrkir komu til Grindavíkur 1627, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.



182396-28-34

**Hlutverk:** Traðir

**Tegund:** Heimild

Traðirnar eru einu leifarnar sem sjánlegar eru á yfirborði eftir gamla bæinn á Stað. Þær liggja norðan við kirkjugarðinn í átt að NV horni hans.

182396-28-35

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

„Móakot var u.þ.b. 150-200 m í vestur frá Stað. Garður var á milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnin sameinuð.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-36

**Hlutverk:** Þurrabúð

**Heiti:** Bergskot

**Tegund:** Heimild

„Þær óbyggðu og óbyggilegu hjáleigur eru: ... Bergskot ... Þessar hjáleigur hafa lagzt í eyði fyrir sjávargang eða sandfok“ (GB,40)

„Hæðin vestan og ofan við bæinn á Stað heitir Bringur. Bergskot var uppi á Bringnum, í norðvestur frá Stað. Þar voru tveir bæir sambyggðir þegar Á.V. og S.V.G. mundu eftir.“ (Örn.)

Bergskot I er þurrabúð í úttekt árið 1928. Bergskot II hafði lagzt niður í tíð sóknarprestsins þegar úttekt var gerð 1928. (GB,50)

„Uppi á bringunum rétt ofan og utan við Stað stóð tómtúsið Bergskot. Þegar þar var mannflest voru þarna mörg lágrest þil í beinni bæjarrönd, sem sneri fram að sjónum. Var gott útsýni af stéttinni til hafs og strandar... stundum voru þarna þrjú heimili... Bergskot hafði enga grasnyt frekar en aðrar þurrabúðir. Þar lifði fólkið á sjónum haust, vetur og vor en fór gjarna í kaupavinnu um sláttinn og fékk sauði til frálags í heimilið fyrir veturinn. Í tiltækum manntölum er ekki getið um byggð í Bergskoti fyrr er 1845.“ (GB,62).

Síðasti ábúandi flutti burt 1927. (GB, 64)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-37

**Hlutverk:** Þurrabúð

**Heiti:** Lönd

**Tegund:** Heimild

„Sunnan við Bjarnasand eru smáklappir, oft nefndar Landaklappir, en þurrabúðin Lönd var beint upp af þeim.“ (Örn.)

„Það var árið 1911, að stofnað var nýtt býli í landi Staðar. Það var nefnt á Löndum... Nýbýlið á Löndum fékk 900 ferfaðma lóð á grundinni skammt norðvestur af fjárhúsunum og má enn sjá greinileg merki þess. Vilmundur reisti þar timburhús. Það var 3 herbergi og eldhús. Á því var óinnréttað ris, við innganginn var skúr með flötu þaki. Það var klætt með járnei á tveimur hliðum en pappa á tveimur. Gólfflötur þess var 37,6 fermetrar. Þessi lýsing er tekin úr fasteignamati 1916... Árið 1946 fluttist fjölskyldan frá Löndum til Reykjavíkur.“ (GB,77-79)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-38

**Hlutverk:** Þurrabúð

**Heiti:** Merki

**Tegund:** Heimild

„Einar Einarsson og Guðrún Ingvarsdóttir voru gefin saman í hjónaband 10. nóvember 1908. Þetta sama ár fengu ungu hjónin leyfi Staðarprests til að byggja sér hús á Hvirflunum við landamerkin milli Staðar og Tófta. Það kölluðu þau Merki. Þetta var hið snotrasta býli á fallegum stað með útsýni vestur yfir Staðartúnið, suður til Gerðistanga austur um Arfadalinn og víkina... Guðrún og börn hennar fluttust frá Merki til Keflavíkur árið 1943. Síðan hefur ekki verið búið í Merki og litli bærinn löngu fallinn.“ (GB,75)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-39

**Hlutverk:** Þvottur

**Heiti:** Þvottaklappir

**Tegund:** Heimild

„ndan klettum, norðan [Bjarnasands] vætlar ferskt vatn. Þar skoluðu húsfreyjurnar á Merki og Löndum þvott sinn og þvoðu ullina. Þar heita þvottaklappir.“(GB5-26)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

182396-28-40

**Hlutverk:** Varða

**Heiti:** Nónvörður

**Tegund:** Heimild

„Þegar [sr Gísli Bjarnason] frétti af aðkomu mönnum og vissi hvers kyns var, hélt hann upp á hraunið fyrir utan Húsatóftir og hlóð þar í snatri vörður þrjár. Þær magnaði hann slíkum krafti, að Tyrkjunum sýndist sem þar færi her manns. Leizt þeim ekki á blikuna og héldu brott hið snarasta.“ (GB,28)

„Gekk þá Staðarprestur upp í Hæðirnar við Húsatóftir og hlóð þar þrjár vörður og mælti svo um að á meðan í þeim stæði steinn yfir steini, skyldi Grindavík ekki verða rænd. Hefur það orðið að áhrínisorðum, enda standa vörður þessar að nokkru enn. Heita Nónvörður og eru eyktarmark frá Húsatóftum.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-41

**Hlutverk:** Vatnsból

**Heiti:** Holuhóll

**Tegund:** Heimild

Ofan við Móakot, rétt við veginn, er allstór, vel gróinn hóll sem heitir Holuhóll og dregur nafn sitt af því, að áður fyrr var í toppi hans skál ofan í bergið. Vatn sem safnaðist í hann í rigningu var notað til drykkjar. Nú er skálin horfin, því að allþykkt gróðurlag hylur hólinn allan. (GB, 34; Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-42

**Hlutverk:** Verbúð

**Tegund:** Heimild

„Þá kemur Sandvíkin. Þangað má, eins og niður í Mölvík, aka í bíl. Þar átti Skálholtsstaður allan reka. Þarna er talið að hafi verið verbúð, jafnvel bær, enda má þetta teljast ein af fáum „byggilegum“ stöðum á þessum auðnarlóðum.“ (GB,29)

Hvorki S.V.G. né Á.V kannast við að hafa heyrt talað um byggð í Sandvík. (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

182396-28-43

**Hlutverk:** Verbúð

**Heiti:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

„Sjóbúð fylgdi Stað framundir síðustu aldamót. Mun hún hafa verið allt frá þeim tíma, er Skálholtsstóll hélt úti skipi þaðan á fyrri öldum, a.m.k öðru hverju. [...] Í seinni úttektum er búð þessi talin sem eitt af Staðarhúsunum, en hefur minnkað, Sr,Geir Bachmann talar um áttæringssjóbúð og í úttekt 1838 segir: Sjómannabúð fylgir jörðinni með sex rúmum, 8 stoðum, 2 landböndum með gisnu árefti en veggirnir komnir út en gaflaðið fallið. Hurð fylgir... Sýnir lýsing þessi að ekki hefur þetta verið beysin vistarvera. Eitthvað hefur verið lappað upp á hana síðar því að þegar sr. Oddur tók við Stað 1879 var búðin með 6 rúmum í góðu standi, en er hannn fór þaðn 15 árum síðar er sjóbúðin niðurlögð og heyhlaða komin í staðinn.“ (GB,42-43)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

182396-28-44

**Hlutverk:** Verslunarsiglingar

**Tegund:** Heimild

Út af staðarklöpp er lítill sléttur klettur, smásker sem kemur upp um háfjöru. Það heitir Vatnstangi. Þar sjást enn síðustu leifar Grindavíkurhöndlunar, stærðar járnfleinn festur ofan í klöppina. Við hann lágu verzlunarskipin bundin á Arfadalsvíkinni.(GB, 26)

„Bolti með hring í er í Vatnstanga, í skeri, sem

heitir Bindisker.“ (Örn.)

Festarstólpi þessi var friðlýstur með bréfi rituðu af Matthíasi Þórðarsyni Þjóðminjaverði 25.10.1930 og þinglýst 15.11.1938. (Fornleifaskrá, 13)

**Heimildir:**

Ágúst Ó. Georgsson: Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990.

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-45**

**Hlutverk:** Vör

**Heiti:** Hróabásar

**Tegund:** Heimild

„...Þá taka við tvö vik í bergið, Sölvabásar og Hróabásar. Í þeim síðarnefnda var flóruð vör og sjást hennar nokkur merki enn í dag. Bendir það til þess að þarna hafi eitt sinn verið útræði, en um það eru engar skráðar heimildir, aðeins munnmáli.“ (GB,29)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

**182396-28-46**

**Hlutverk:** Vör

**Heiti:** Staðarvör

**Tegund:** Heimild

„Hér við Bjarnasand er eitt af stórmannvirkjum áraskipaútgerðarinnar: Flórlögð Staðarvörin, slétt og breið neðan úr stórstraumsflæðarmáli uppundir grasbakkana ofan við sandinn. Hún hefur varðveitt furðu vel, þótt áratugir séu síðan hér var skipi lent.“ (GB,26)

Áv og SVG vita ekki með vissu hvenær hún var gerð, en telja sennilegast að það hafi verið rétt upp úr síðustu aldamótum. (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-47**

**Hlutverk:** Vör

**Heiti:** Skökk

**Tegund:** Heimild

„Inn í Staðarklöppina utanverða er smávík eða vör sem heitir Skökk. Þar var fiskurinn stundum tekinn á land þegar vel stóð á sjó.“ (GB,26)

„Norðan í henni er Skökk, lítil vör. Mun nafnið dregið af því, að ekki er hægt að róa beint inn í hana úr Staðarsundinu, heldur verður að taka á sig mikinn sveig.“ (Örn.)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

Örnefnaskrá frá 1977 fyrir Stað í Grindavík. Örnefnastofnun Íslands.

**182396-28-48**

**Hlutverk:** Örnefni

**Heiti:** Brunnklettur

**Tegund:** Heimild

„Allmiklu vestar í Bótinni heita Brunnklettur og utan við þá Staðarból.“ (GB,27)

**Heimildir:**

Gísli Brynjólfsson: Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók. 1975.

## Niðurstöður

Alls fundust heimildir um eða leifar 48 fornleifastaða í landi Staðar. Tafla 1 flokkar þessa staði eftir hlutverkum.

Við vettvangsathugun kom í ljós að gamla bæjarstæðið var mitt í þeirri stækkun sem fyrirhuguð hafði verið til norðurs og vesturs. Þetta breytir öllum forsendum stækkunarinnar þar sem gert hafði verið ráð fyrir að bæjarstæðið lenti utan svæðisins.

Í ljósi þessa leggur fornleifadeild Þjóðminjasafnsins til að stækkun kirkjugarðsins verði gerð t.d. til suðurs og austurs til þess að koma í veg fyrir röskun á minjum. Sunnan við kirkjugarðinn er ekki getið neinna minja í rituðum heimildum og rústir eru ekki greinanlegar á loftmyndum af

svæðinu. Austan við kirkjugarð geta heimildir um hjáleiguna Blómsturvellir sem stóð á samnefndum bakka. Í skrá Örnefnstofnunar fyrir Stað í Grindavík frá 1977 segir svo:

Nú hefur verið sléttáð úr Blómsturvellir og er þar nú bílastæði við kirkjugarðinn og tóftirnar alveg horfnar. Þá nær nýi kirkjugarðurinn aðeins út á Blómsturvöll.

Gera má því ráð fyrir að ef Blómsturvellir hafa legið þar sem bílastæðið er nú, séu þeir alveg horfnir. Fylgjast verður þó vel með framkvæmdum og ef fornleifar koma í ljós verður að gera fornleifadeild Þjóðminjasafnsins viðvart án tafar sbr. 20. gr. þjml. nr. 88/1989.

Aðrar fornminjar eru ekki í hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum.

## Tafla 1

### Búsetuminjar:

bústaðir	2	landamerki	1
hjáleigur	14	þjóðsögustaðir	2
þurrabúðir	3	verslunarminjar	1

### Aðrar minjar:

### Landbúnaðarminjar innan túns :

hlaða	1	lendingar	5
lambhús	1	naust	3
traðir	1	verbúðir	2
túngarður	1	sjómerki	1

### Útgerðarminjar:

### Aðrar búsetuminjar :

brunnur	3	kirkja	1
vatnsból	1	kirkjugarður	1
þvottastaður	1	klukkurnaturn	1

### Kirkjur og legstaðir:

### Landbúnaðarminjar utan túns:

sel	1
stekkur	1

# Staður í Grindavík

Fornleifaskráning  
Agnes Stefánsdóttir

- 1 Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumörkun um viðgerð bæjarins. Þór Hjaltalín.
- 2 Viðgerðir á Keldum sumarið 1997. Vesturtraðir, smiðja, hjallur og Nýjahús. Þór Hjaltalín.
- 3 Ljósmyndun á Íslandi 1950-1970. Guðrún Harðardóttir.
- 4 Illugastaðir í Laxárdal og Neðstibær í Vindhælishreppi. Rannsókn á bæjarstæði dagana 21. – 23. júní. Guðmundur Ólafsson
- 5 Leitin að týndu lauginni. Sælingsdalslaug. Guðmundur Ólafsson
- 6 Reykholt í Borgarfirði. Framvinduskýrsla. Guðrún Sveinbjarnardóttir og Guðmundur H. Jónsson
- 7 Staður í Grindavík. Fornleifaskráning. Agnes Stefánsdóttir.



ÞJÓÐMINJASAFN  
ÍSLANDS